

# NORÐLENSKA

## SLÁTURSALA 2014

Slátursala hefst fimmtudaginn 25. sept.  
og lýkur föstudaginn 10. október.

**Opið frá: 10:00 > 12:00 og 13:00 > 17:00**  
**alla virka daga**

Mörbrytjun er í boði á þriðjudögum og fimmtudögum.  
**Nauðsynlegt er að panta brytjun deginum áður.**

Mjög áriðandi er að vörur séu pantaðar fyrirfram  
til að tryggja hraða og góða afgreiðslu.

**Sími í slátursölu: 460 8897**

**Hollur og góður matur  
á frábæru verði.**

**Geymið auglýsinguna.**

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

34. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 17. sept. 2014

**Afmælisbörn dagana 18. sept. — 24. sept. 2014**

18. Gylfi Hrafnkell Yngvason, Þórhallur Ingi Jónsson.
20. Héðinn Sverrisson, Leifur Hallgrímsson.
22. Ásgerður Björnsdóttir.
23. Sigríður Guðmundsdóttir.

**Samkaup** **strax**

Frá og með mánudeginum 22. sept.  
verður opið frá kl. 9:00 – 18:00 alla daga.

Frá og með 1. okt. verður opið  
frá kl. 10:00 – 18:00 alla daga.

Samkaup Strax Mývatnssveit



**Frá Íþróttamiðstöð.**



Þjóðum upp á barnagæslu í vetur á þriðjudögum  
og fimmtudögum milli kl. 16:30 og 18:30.  
Sama gamla góða verðið; 500 krónur á barn.

Kveðja, starfsfólk.

## Um viðbrögð við óþægindum vegna brennisteinsmengunar (SO2)

Undanfarna daga hefur orðið vart brennsteinsdíoxíðmengunar (SO2) frá eldgosinu í Holuhrauni hér í Mývatnssveit sem getur haft áhrif á heilsu manna. Helstu áhrif gastegunda frá gosinu á heilsu manna eru af völdum SO2. Helstu einkennin eru ertingur í augum, hálsi og öndunarfarum og við háan styrk getur fólk fundið fyrir öndunarörðugleikum. Fólk með undirliggjandi astma, berkjubólgu, lungnaþembu og hjartasjúkdóma er viðkvæmara fyrir SO2, heldur en heilbrigðir einstaklingar og fær einkenni við lægri styrk en aðrir. Þeim er því ráðlagt að hafa öndunarfæralyf tiltæk. Enda þótt ekki séu til áreiðanleg gögn um að börn séu sérstaklega viðkvæm fyrir SO2 er allur varinn góður og skynsamlegt að ráðleggingar fyrir fólk með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma gildi líka fyrir börnin.

Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [loftgæði.is](http://loftgæði.is). Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.

Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og [www.ust.is](http://www.ust.is)

Veðurfræðingar Veðurstofu munu koma fréttum af brennisteinsgasi á framfæri í heðfbundnum veðurfréttatímum á RUV og á [www.vedur.is](http://www.vedur.is).

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

*Sérhver morgun hefst á auðri  
blaðsíðu í þinni eigin sögubók.  
Mín ósk til þín er að þín síða  
verði sú allra besta hingað til  
í dag!*

*Góðan daginn!*

*Hjartamál og Hugardraumar.*

[www.spegill.is](http://www.spegill.is)

sinni. Sveitarstjórn samþykkir hins vegar að gerður verði sérstakur viðauki við gildandi aðalskipulag, þar sem mörkuð verði stefna sveitarfélagsins í ferðaþjónustu og uppbyggingu og staðsetningu ferðamannastaða. Sveitarstjórn samþykkir einnig að leitað verði samkomulags við Umhverfisstofnun um samræmingu myndar og texta á mörkum verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skv. lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012 og settar verði skýrari reglur í aðalskipulag í samráði við Umhverfisstofnun á grundvelli 17. gr. og 24. gr. reglugerðar um annars vegar um „Leyfi fyrir framkvæmdum, mannvirkjagerð og fl. á verndarsvæðinu“ og hins vegar um „Frárennsli“.

Samþykkt.

5. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að veita Jóni Óskari Péturssyni kt. 1907756079 prókúru fyrir alla reikninga sveitarfélagsins hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga og Íslandsbanka.
6. Fundargerð umhverfisnefndar frá 2. september 2014. Fundargerðin er í 3 liðum. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
7. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Sólveigu Jónsdóttur sem fulltrúa hreppsins í sameiginlega barnaverndarnefnd Skútustaðahrepps, Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Langanesbyggðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson  
Arnheiður Almarsdóttir  
Elísabet Sigurðardóttir  
Guðrún Brynleifsdóttir  
Friðrik Jakobsson  
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.  
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 5. fundur

**að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 10. september kl. 09:15**

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Arnheiður Almarsdóttir varamaður í forföllum Jóhanna Katrínar Þórhallsdóttur, Elísabet Sigurðardóttir varamaður í forföllum Sigurðar G. Böðvarssonar, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsstaða jan-júlí 2014
3. Sorpmál
4. Aðalskipulag 2011-2023 – endurskoðun
5. Prókúra til sveitarstjóra
6. Fundagerð 1. fundar Umhverfisnefndar frá 2. september 2014.
7. Fulltrúi Skútustaðahrepps í barnaverndarnefnd

Afgreiðslur.

1. Oddviti setti fund og lagði til að lið 5. yrði bætt á dagskrá fundarins. Jafnframt að fundargerð 1. fundar umhverfisnefndar yrði bætt á dagskrá sem 6. dagskrárlið og að liðurinn „Efni til kynningar falli brott og 7. dagsskrárliður „Fulltrúi Skútustaðahrepps í barnaverndarnefnd. Samþykkt. Sveitarstjórn samþykkti einnig að framvegis verði allar fundargerðir nefnda settar á dagskrá sveitarstjórnarfunda undir sérstökum dagskrárlið.
2. Lögð fram bókfærð rekstarstaða og samanburður við fjárhagsáætlun A og B-hluta sveitarfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. júlí 2014. Reksturinn fyrstu 7 mánuði ársins er í jafnvægi samanborinn við fjárhagsáætlun.
3. Lögð fram eftirfarandi tillaga starfshópa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um sorphirðu á sveitarfélögunum. „Sameiginlegur fundur starfshópa um sorphirðu í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit var haldinn í Kjarna 1. september 2014 og samþykktir eftirfarandi: Starfshóparnir leggja til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að auglýsa sem fyrst eftir samstarfsaðila í þróunarverkefni um sorphirðu og förgun í sveitarfélögunum.“  
*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir samstarfsaðilum í þróunarverkefni um sorphirðu í samvinnu við Þingeyjarsveit.*
4. Með vísan í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal ný sveitarstjórn þegar að loknum sveitarstjórnarkostningum meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins.  
Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. „Sveitarstjórn telur ekki þörf á heildarendurskoðun aðalskipulagsins á þessu stig og að landsskipulagsstefna kalli ekki á endurskoðun á því að

## Frá Félagi eldri Mývetninga.

### Kæru félagar.

Siglufjarðarferðin er endanlega aflýst.

Við ætlum að fara í smá óvissuferð á laugardag kl. 14:00 frá Vogum. Kvöldverður á Narfastöðum kl. 19:00.

Látið vita um þátttöku fyrir hádegi á fimmtudag til Siggu í síma 464 4179 eða 893 4179 og Guju í síma 464 4235 eða 866 9469.

Kveðjur, stjórnin.



## **Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@mvv.is](mailto:sveitarstjori@mvv.is)

## Starfsmaður óskast í ræstingar.

Skútustaðahreppur auglýsir eftir ábyrgum aðila til þess að annast ræstingar í leikskólanum Yl og skrifstofu sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 6 í Reykjahlíð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélagsins Framsýnar og Launanefndar sveitarfélaga.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri í síma 464-4163.